


Minnisblað um áhrif fækkunar nemenda í grunnskólum Akureyrarbæjar á starfsmannafjölda milli skólaáranna 2021-2022 og 2026-2027


Á íbúaskrá Akureyrarbæjar þann 1.5.2021 var eftirfarandi fjöldi í hverjum árgangi frá árinu 2001 -2020.

Mynd 1




Ljóst er að börnum fækkar stöðugt sem mun hafa áhrif á bæði leik- og grunnskólastarf á næstu árum. Ef tekið er fimm ára meðaltal árganga frá 2005 þá sést að áhrifanna er þegar farið að gæta í leikskólunum en innan fárra ára verður einnig breytt staða í grunnskólunum.

Mynd 2



Á haustönn 2021 er gert ráð fyrir að nemendafjöldi í grunnskólum Akureyrarbæjar verði 2.660 (skv. íbúaskrá 1.5.2021 þá verða börnin 2.672). Haustið 2026 verða börn á grunnskólaaldri skv. íbúaskrá 2.286. Búast má við að nemendum fækki um tæplega 400 á næstu 5 árum. Frá árinu 2019 nemur fækkunin tæplega 500 börnum.

Mynd 3



Áætlaðar kennslustundir á nemanda (ekki vegna sérkennslu) haustið 2021 eru 4.811 og gert er ráð fyrir að þeim fækki niður í um 4.300 kennslustundir eða um ríflega 500, sem samsvarar um 20 stöðugildum kennara. Fækkun nemenda hefur einnig áhrif á aðrar starfsséttir en kennara s.s. skólaliða og starfsfólk frístundar. Gera má ráð fyrir að skólaliðum fækki um 3 stöðugildi og frístundarstarfsmönnum um 2 stöðugildi á sama tímabili.

Hafa ber í huga að þessar tölur miðast við að fjöldi að- og brottfluttra haldist í hendur. Væntingar okkar standa vitanlega til þess að aðflutningur verði umfram brottflutning á þessu tímabili en ekkert er fast í hendi um hver sú þróun muni verða. Á undanförunum árum hefur brugðið til beggja vona hvort aðflutt börn eru færri en brottflutt og öfugt.

Áætla má að launakostnaður milli skólaáranna 2021-2022 og 2026-2027 gæti lækkað um 215 – 220 m.kr. á verðlagi ársins 2021. Í þessum útreikningi er miðað við að kennari sé í launaflokki 239 án persónuálags og skólaliði í launaflokki 124 með 6% persónuálag. Launakostnaður kennara á ári miðað við þessar forsendur eru tæplega 9,3 m.kr. og skólaliða 6,3 – 6,4 m.kr.

Ályktanir

- Mikilvægt er að nú þegar verði gerða spár um áhrif fækkunarinnar á útgjöld til fræðslumála á næstu fimm árum.
- Hefja þarf vinnu við að áætla þörfina á húsrými fyrir starfsemi leik- og grunnskóla á næstu árum.
- Leggja þarf fram hugmyndir um hvernig nýta megi grunnskólana til annarrar starfsemi en skólastarfs:
 - auka rými í skólunum fyrir börn
 - bæta aðstöðu fyrir frístund
 - afmarka húsnæði fyrir félagsmiðstöðvarnar innan veggja skólanna
 - huga að því hvort flytja eigi starfsemi Hlíðarskóla úr Skjaldarvík í einn af skólum bæjarins
 - flytja elstu deild Naustatjarnar sem staðsett er í Naustaskóla aftur í Naustatjörn
 - taka inn 5 ára deildir leikskólanna í grunnskólann
- Kortleggja hvaða önnur starfsemi innan vébanda bæjarins geti rúmast í húsnæði grunnskólanna.
- Meta þarf áhrif fækkunarinnar á getu leikskólanna til að innrita 12 mánaða börn með reglubundnum hætti yfir árið.